

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

### 177. FUNDUR.

Árið 2010, þriðjudaginn 28. desember var haldinn 177. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra kl. 09:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

1. Fram lagður lánasamningur milli Hitaveitu Húnaþings vestra og Lánasjóðs sveitarfélaga ehf. Eftirfarandi tillaga var lögð fram:  
„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir hér með að veita sjálfskuldarábyrgð vegna lántöku Hitaveitu Húnaþings vestra hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 9.000.000- kr. til 14 ára, í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er sjálfskuldarábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, og standa tekjur sveitarfélagsins til tryggingar henni, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við útvíkkun veitusvæðis sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eina eiganda Hitaveitu Húnaþings vestra til að breyta ekki ákvæði samþykka Hitaveitu Húnaþings vestra sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Húnaþing vestra selji eignarhlut í Hitaveitu Húnaþings vestra til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarstjórn Húnaþings vestra sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra, kt. 190164-4389, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Húnaþings vestra veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánessamninginn.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 09:30.

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Elín R. Líndal.

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.